

Orkustofnun
Skúli Thoroddsen
Grensásvegi 9
108 REYKJAVÍK

Garðabær, 22. mars 2016
2016020025/42-0
TB
jgo/ttb

Umsókn um rannsóknarleyfi vegna áætlana um virkjun Hundsár í Skötufirði og Hestár í Hestfirði við Ísafjarðardjúp

Vísað er til bréfs frá Orkustofnun, dags.22. febrúar sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um umsókn VesturVerks ehf. um rannsóknarleyfi vegna áætlana um virkjun Hundsár í Skötufirði og Hestár í Hestfirði við Ísafjarðardjúp í Súðavíkurbreppi.

Náttúrufræðistofnun hefur farið yfir erindið og gerir ekki athugasemd við að leyfi sé veitt til rannsókna í samræmi við þær forsendur sem gefnar eru um leyfi til rannsókna á svæðum sem ekki hefur verið tekin afstaða til sbr. 5. gr. laga um verndar- og orkunýtingaráætlun nr. 48/2011. Stofnunin bendir hins vegar á að í forsendum þeim sem nefndar eru hér að framan er m.a. átt við að ekki sé hægt að veita leyfi fyrir rannsóknum sem eru leyfis skyldar eða þurfi að fara í mat á umhverfisáhrifum. Í umsókn VesturVerks ehf. kemur fram að gert er ráð fyrir að leggja vegslóða ef það telst nauðsynlegt. Vegslóðar valda að jafnaði varanlegu raski og hljóta því að teljast til hluta af rannsóknum sem þurfa sérstakt (framkvæmda)leyfi sem ekki er heimilt að veita skv. framangreindu. Náttúrufræðistofnun bendir jafnframt á að rannsóknasvæðið virðist skarast við svæði á náttúruminjaskrá nr. 313, Lambadalsfjall, Botn í Dýrafirði og Hestfjarðarbrúnir við Hestfjörð.....(2) Stórbrotið land, jökulhvilftir og árgljúfur. Fjölskrúðugur gróður, kjarr- og skóglendi. Söguminjar í Dýrafirði.

Eins og Orkustofnun bendir á virðist rannsóknasvæðið skarast á við rannsóknasvæði vegna umsóknar Orkubús Vestfjarða ohf. vegna virkjunar Mjólka VI. Náttúrufræðistofnun bendir á, bæði vegna þessarar umsóknar og vegna annarra umsókna á þessu svæði, að svo virðist sem að verið sé að vinna að hugmyndum um virkjanir sem muni meira og minna ná til stýringar á vanti á öllu fjalllendinu/hálendinu milli nokkurra fjarða í Ísafjarðardjúpi, þ.e. frá Ísafirði að Hestfirði, og fjarða á Barðaströnd/Reykhólasveit, þ.e. frá Vattarfirði að Vatnsfirði.



Gera verður ráð fyrir því að rannsóknir taki mið af því að á síðari stigum verði að skoða heildaráhrif um nýtingu og vernd vegna allra þeirra hugmynda sem eru um virkjanir á þessu svæði.

Virðingarfyllt



Jón Gunnar Ottósson
forstjóri



Trausti Baldursson

